

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um kröfur ríkisins um þjóðlendur.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða forsendur eru fyrir því að nefnd á vegum fjármálaráðherra, sbr. 10. gr. þjóðlendulaga, gerir kröfur í þinglýst eignarlönd bænda og annarra jarðeigenda?
2. Hvers vegna hefur kostnaður bænda og annarra jarðeigenda af hagsmunagæslu í þessum málum ekki verið greiddur eins og lög um þjóðlendur gera ráð fyrir, sbr. 17. gr. þeirra?